

Nd.

56. Breytingartillaga

[9. mál]

við frv. til 1. um Landsbókasafn Íslands.

Frá menntamálanefnd.

3. gr. orðist svo:

Landsbókasafn skal þaulsafna prentuðu efni íslenzku eða því, sem Ísland og íslenzk málefni varðar, á hverri tungu sem er. Sé enginn kostur frumrita, skulu fengnar af þeim filmur eða annars konar myndir, eftir því sem auðið er.

Landsbókasafn skal varðveita ónotað eitt eintak af sem flestu íslenzku prentuðu efni, og skal þeim eintökum fengin sérstaklega örugg geymsla.